



Viðurkenning Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2020

Snorri Guðvarðsson málameistari hlýtur viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2020 fyrir ævistarf hans á sviði húsverndar á Íslandi.

Öldum saman hafa góðir handverksmenn verið eftirsóttir og verk þeirra lofuð. Þegar kemur að viðhaldi og viðgerðum á byggingararfi þjóðarinnar eru góðir handverksmenn í lykilhlutverkum. Án þeirra væri varðveisla byggingararfs orðin tóm. Í verkum þeirra sameinast fagþekking, reynsla og listhneigð eða svo vitnað sé til Snorra sjálfs: „Þetta er ákveðin kúnt. Það getur ekki hver sem er stokkið í þessi verk með okkur. Við segjum stundum að maður þurfi að vera málari, listmálari og fönðrari í sér og búa auk þess yfir ómældri þolinmæði.“

Snorri Guðvarðsson málameistari fæddist á Siglufirði 16.2.1953 en fluttist ungur að árum til Akureyrar þar sem hann ólst upp í húsinu Berlín, Aðalstræti 10. Segja má að hann hafi fengið málaraíðnina beint í æð því faðir hans var Guðvarður Jónsson málameistari. Snorri lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1973 en samhliða því var hann á samningi sem læringur hjá föður sínum í málaraíðn og lauk í framhaldi málaraíðnnámi frá Iðnskólanum á Akureyri.

Árið 1976 var örlagaríkt fyrir Snorra og starfsferil hans. Þá var hann að vinna við málun á Grundarkirkju í Eyjafirði ásamt föður sínum sem setti soninn í viðgerðir á gömlum skreytingum inni í kirkjunni. Við það opnaðist ný veröld spennandi efna, lita, áferða, lista, skapalóna, stílafríðga og byggingarlistar. Snorri segir sjálfur að þá hafi hann fallið algerlega fyrir þessu gamla handverki. Þar sem lítið var kennt um eldri málningaraðferðir í Iðnskólanum hóf Snorri sjálfsnám með að lesa allar danskar bækur sem hann komst yfir um málaratækni, áhöld og efni, skoða myndir og gerði síðan endalausar æfingar og tilraunir.

Æfingin skapaði svo sannarlega meistarann. Sérsvið Snorra er innanhússmálun á friðlýstum og friðuðum kirkjum og húsum um land allt og er óhætt að segja að hann sé einn fremsti sérfræðingur og fagmaður landsins á þessu sviði. Hann byggir málningarvinnu sína oftast en ekki á rannsóknarvinnu sem er fólgin í því að greina eldri málningarlög og litasamsetningar og færa litaval og málningaráferð til upprunalegs horfs. Hann hefur sérhæft sig í viðar- og marmaramálun, gyllingu og alls kyns skreytingum ásamt vinnu með línólíumálningu og önnur efni fyrri tíma sem krefjast sérþekkingar og sérstakrar meðhöndlunar.

Snorri sá um kennslu málaranema við Verkmenntaskólann á Akureyri í aldarfjórðung og auk þess var hann kennari við grunnskóla á Akureyri í fjölda ára. Lengi framan af vann hann jöfnum höndum við kennslu og málaravinnu en síðastliðin rúman áratug hefur hann haft málaravinnuna að aðalstarfi. Tæpa tvo síðustu áratugi hefur Kristjana Agnarsdóttir, eiginkona Snorra sem einnig er lærður málari, unnið með honum og saman hafa þau skilað af sér einstöku handverki í málun friðlýstra kirkna og húsa um allt land. Það má með sanni segja að hjónin taki vinnuna með sér heim því síðustu ár hafa þau varið frítíma sínum í að gera upp gamla húsið sitt, Davíðsbæ við Aðalstræti 34 í Innbænum, elsta hluta Akureyrar. Eins og gefur að skilja er þar ekki kastað til höndunum og alúð lögð í hverja pensilstroku.

Starfsferill Snorra spannar tæp 50 ár og á þeim tíma hefur hann unnið við málun og viðgerðir á um 50 kirkjum víðsvegar um landið. Hann hefur unnið í flestöllum gömlu kirkjum í Eyjafirði og síðustu ár hefur hann unnið í áföngum við málun á Lögmannshlíðarkirkju og Minjasafnskirkjunni. Snorri hefur unnið við mörg hús í húsasafni Þjóðminjasafnsins í gegnum árin auk annarra friðlýstra húsa víðsvegar um landið. Má þar nefna Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík, Jensenshús á Eskifirði, Sómastaði við Reyðarfjörð og Litla-bæ í Skötufirði við Ísafjarðardjúp. Í heimabænum Akureyri hefur hann unnið við málun á mörgum af elstu húsum bæjarins eins og Gamla spítala (Gudmanns Minde), Nonnahúsi, Friðbjarnarhúsi, Sigurhæðum, Menntaskólanum (Gamla skóla), Samkomuhúsinu auk annarra húsa í einkaeigu. Öll þessi gömlu hús hafa tekið stakkaskiptum í höndum Snorra, eru bæjarprýði og bera hæfileikum hans fagurt vitni.

Faghóp húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2020 skipa:

Pétur Ingi Haraldsson, Árni Ólafsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Leifur Þorsteinsson